

Nd.

38. Frumvarp til laga

[38. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarsárinnar vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948,
um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

Gjöra kunnugt: Að atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna fyrirhugaðra ráðstafana í sambandi við verndun fiskimiða umhverfis Ísland beri brýna nauðsyn til að breyta refsíákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, í því skyni að tryggja samræmi í framkvæmd þessara ráðstafana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmsón.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.